

**Sp.**

**172. Fyrirspurn**

[162. mál]

til landbúnaðarráðherra um vinnslu- og dreifingarstöðvar landbúnaðarvara.

Frá Þórði Skúlasyni.

1. Hver er áætluð heildarfjárfesting í vinnslu- og dreifingarstöðvum landbúnaðarins á s.l. 10 árum miðað við fast verðlag, sundurliðað eftir árum og kjöt- og mjólkurvinnslustöðvum:
  - a. á höfuðborgarsvæðinu,
  - b. í öðrum kjördæmum, sundurliðað?
2. Hvert var samanlagt heildarflatarmál vinnslu- og dreifingarstöðva landbúnaðarins á árinu 1976 og hvert er það nú, sundurliðað eftir kjöt- og mjólkurvinnslustöðvum:
  - a. á höfuðborgarsvæðinu,
  - b. í öðrum kjördæmum, sundurliðað?
3. Hve margir störfuðu í dreifingar- og vinnslustöðvum landbúnaðarins á árinu 1976 og hve margir starfa þar nú, sundurliðað eftir kjöt- og mjólkurvinnslustöðvum:
  - a. á höfuðborgarsvæðinu,
  - b. í öðrum kjördæmum, sundurliðað?
4. Hvaða áhrif hefur fyrirhugaður samdráttur í landbúnaðarframleiðslu á starfsemi dreifingar- og vinnslustöðva landbúnaðarins, sundurliðað eftir kjöt- og mjólkurvinnslustöðvum:
  - a. á höfuðborgarsvæðinu,
  - b. í öðrum kjördæmum, sundurliðað?

**Skriflegt svar óskast.**